

Umhverfis og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

Efni: Grenndarkynning - breyting á lóð við Hrauntungu 5

Þann 19. mars 2018 kynnti Umhverfis og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar tillögu um breytingu á deiliskipulagi við lóðina að Hrauntungu 5. Tillagan felst í byggingu þriggja parhúsa við Hrauntungu. Kynning frá Aarkitektum skýrir í hverju breytingin felst. Í kynningu Aarkitekta er fjöldi teikninga og ljósmynda. Það gætir mikils ósamræmis á milli einstakra teikninga og mynda. Samkvæmt 5 teikningum og myndum er gert ráð fyrir gangstétt meðfram Hrauntungu, milli fyrirhugaðra bygginga og götunnar. Á 3 teikningum og myndum er hins vegar sýnt að engin gangstétt verði milli bygginganna og götunnar heldur einungis þröngt blómabeð milli húsanna og götunnar. Á einni mynd er hvorki gangstétt né blómabeð heldur ná veggir húsanna að götunni.

Gögn Aarkitekta eru því ófullnægjandi og ógerningur að segja til um hvernig skipulagi á reitnum verði háttað. Afar mikilvægt er að óslitin gangstétt verði meðfram Hrauntungu að sunnanverðu. Gangstétt er nú framan við Hrauntungu 1 og sömuleiðis milli þessa reits og Víðistaðaskóla. Engin gangstétt er meðfram götunni að norðanverðu. Gríðarleg umferð gangandi vegfarenda er eftir Hrauntungu. Hér ganga börn til og frá Víðistaðaskóla. Ef það er rétt að tillagan geri ekki ráð fyrir gangstétt milli fyrirhugaðra lóða og götunnar þá er slíkt ekki ásættanlegt. Ekki er hægt að beina umferð gangandi barna, íbúa og gesta út af gangstétt á götuna framhjá þessum fyrirhuguðu byggingum. Færa þyrfti byggingarnar um 2-3 metra til suðurs eða breyta skipulaginu með öðrum hætti þannig að gangstétt liggi óslitið meðfram götunni.

Hafnarfirði, 14. apríl 2018,